

Ed.

339. Frumvarp til laga

[130. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

(Eftir 3. umr. í Nd., 2. marz.)

1. gr.

Aftan við 4. tölulið 8. gr. laganna bætist:

Lán til bústofnsauka má veita hreppsfélögum gegn tryggingu í fasteign eða sýsluábyrgð. Skilyrði þess, að hreppsfélag geti fengið slíkt lán, er, að myndaður hafi verið í hreppnum bústofnsleigusjóður. Reglur fyrir bústofnsleigusjóði hreppanna skulu m. a. fela í sér:

1. Hreppsnefnd hefur á hendi stjórn sjóðsins.
2. Höfuðstóll sé lifandi peningur, annaðhvort haustlömb (gimbrar) eða kelfdar kvígur.
3. Búpeningurinn sé leigður frumbýlingum í hreppnum fyrst og fremst, en einnig öðrum bændum, er sérstaka þörf hafa fyrir aukinn bústofn, t. d. ef óhöpp hafa hent, er valda skepnumissi.
4. Leigutími búpeningsins skal að jafnaði eigi skemmri en 6—10 ár. Lánið sé endurgreitt í sama formi og það er tekið, þ. e. skilað haustgimbrum eða kelfdum kvígum.
5. Leiga (vextir) af þessum bústofnslánum skal greidd í lifandi peningi og sé hún einn gripur (haustgimbur eða kelfd kviga) á ári fyrir hverja 30 gripi, sem leigðir eru.

2. gr.

2. málsg. 27. gr. laganna orðist þannig:

Til þessara framkvæmda greiðir rikissjóður minnst 9.5 milljónir króna árlega árin 1965—1985 að báðum árum meðtöldum.

3. gr.

Í stað orðanna „15 ha“ í fyrstu málsg. 39. gr. laganna komi: 25 ha.

4. gr.

Í stað orðanna „15 ha“ í fyrstu málsg. 47. gr. laganna komi: 25 ha.

5. gr.

Í stað orðanna „50 þúsund krónur“ í fyrstu málsg. 48. gr. laganna komi: 60 þúsund krónur.

Síðari málsg. 48. gr. laganna orðist svo:

Til þessara ráðstafana leggur rikissjóður fram minnst 2.4 milljónir króna árlega árin 1965—1985 að báðum árum meðtöldum.

6. gr.

Í stað orðanna „15 ha“ í 50. gr. laganna komi: 25 ha.

7. gr.

60. grein laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1965—1972 að báðum árum meðtöldum er heimilt að veita jörðum, sem setnar eru í lögformlegri ábúð eða sjálfsábúð og hafa minni véltæk tún en 25 ha, óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari túnstærð sé náð.

Ákvæði þetta nær til lögbylisjarða, þar sem athuganir Landnáms ríkisins hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt viðunandi lífsafkomu á jörðunum og komi í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði.

Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbættu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert.

Framræslukostnaður og framlög til hans samkvæmt jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkvæmt þessari grein.

8. gr.

Á eftir orðunum „örðugan fjárhag“ í 63. gr. laganna komi: og hafa meðaltekjur eða lægri.

9. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður 17.725 milljónir króna árlega á árunum 1965—1972 að báðum árum meðtöldum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framkvæmda, sem unnar verða á árinu 1964. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 48 16. apríl 1963.